



Samtakahópurinn, fundur haldinn 08.01.2026 kl. 13:30 í

Fjörheimum/ 88 húsinu, Hafnargötu 88

Mætt: Þormóður Logi Björnsson, Silja María Albertsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Elínborg Ingvarsdóttir, Melkorka Ýr Magnúsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Heiðrún Ósk Sigurðardóttir, Halla Karen Guðjónsdóttir, Una Björk Kristófersdóttir, María Guðmunda Pálsdóttir, Elín Rafnsdóttir, Sigrún Huld Auðunsdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerðina

Fundargerð

Markmið og gildi Samtakahópsins

Samtakahópurinn fór í vinnu við að endurskoða markmið og gildi hópsins. Hópnum var skipt upp í þrjá smærri hópa og unnið var markvisst með sex spurningar sem snúa að hlutverki, áherslum, vinnulagi og mati á árangri Samtakahópsins. Hóparnir skiluðu niðurstöðum sínum handskrifað á blað og að lokinni hópavinnu komu allir hópar saman og ræddu niðurstöður og helstu áherslur. Fundargerð þessi er unnin upp úr þeim handskrifuðu gögnum og umræðum hópsins.

Spurningar sem hóparnir unnu með:

1. Hvað langar þig að Samtakahópurinn sé?
2. Hver finnst þér að ættu að vera áhersluatriði Samtakahópsins?
3. Hvernig ákveðum við áhersluatriði Samtakahópsins?
-erum við að reiða okkur á niðurstöður rannsókna? Erum við að byggja hugmyndirnar á tilfinningum?
4. Hvernig getur vinna Samtakahópsins verið góð viðbót við forvarnaráætlanir skólanna?
5. Hvernig er fundartíma Samtakahópsins best varið? Hvernig viljum við skipuleggja fundina?
6. Hvernig metum við árangur Samtakahópsins?

Niðurstöður hópavinnu:

1. Hvað vill hópurinn að Samtakahópurinn sé?

- Samtakahópurinn sem sameiginlegur vettvangur þar sem hægt er að eiga opið samtal um það sem er í gangi í samfélaginu.



- Markmiðið er að skapa samráðsvettvang sem vinnur að sameiginlegum lausnum í forvörnum.
- Áhersla á að hópurinn sé regnhlíf og leiðbeinandi afl.
- Greina þarfir og vera samtaka um fræðslu sem er í takt við líðandi stund.

2. Áhersluatriði Samtakahópsins

- Forvarnir fyrir börn og ungmenni.
- Velferð og farsæld barna og ungmenna.
- Snemmtæk íhlutun.
- Að sameina krafta ólíkra aðila (skólar, foreldrar, fagfólk, samfélagið).

3. Hvernig eru áhersluatriði ákveðin?

- Áherslur ætti að byggja á niðurstöðum rannsókna og tilfinningum fagaðila hópsins.
- Regluleg endurskoðun áherslna eftir þörfum samfélagsins.

4. Samtakahópurinn sem viðbót við forvarnaráætlanir skólanna

- Styðja við og styrkja forvarnaráætlanir skólanna.
- Hjálpar til við að tryggja samfellu og samræmi í forvörnum.

5. Skipulag funda og nýting fundartíma

- Fundartími þarf að vera vel skipulagður og markviss.
- Skýr dagskrá og tilgangur hvers fundar.
- Jafnvægi milli:
 - umræðu
 - upplýsinga
 - deila reynslu, læra af hvort öðru
- Vinnufundir og vinna í minni hópum þegar við á.
- Allir hafi tök á því að senda inn tillögu af umræðuefni fyrir fund.

6. Mat á árangri Samtakahópsins

- Rýna fyrrum verkefni hópsins, hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara?
- Hugmyndir af mati á árangur hópsins/ aðgerða hópsins:
 - mælanleg markmið
 - rýna í niðurstöður frá ÍÆ
 - endurgjöf frá fagaðilum Samtakahópsins, skólum, foreldrum og þátttakendum

7. Umræður

- Online fræðsla hefur reynst vel fyrir foreldra. Upplifun fagaðila hópsins er sú að fleiri foreldrar séu að sækja online fræðslu.
- Hverjir eiga að vera í Samtakahópnum?



- Sýnileiki hópsins: veit fólk að það getur leitað til Samtakahópsins varðandi forvarnir fyrir börn og ungmenni? Rætt um að fara í átak varðandi það að kynna hópinn.

Fundi slitið kl. 14:30

Næstu fundur: miðvikudaginn 11. febrúar kl.13:30 í Fjörheimum/ 88 húsinu